

## Menningar og skemmtinefnd FAMOS

Á menningarkvöldi 10. október 2016 óskaði Harald Holsvik eftir því að Ingólfur Hrólffsson kæmi inn í menningar og skemmtinefnd í stað Grétars Snæs Hjartarsonar.

Aðrir nefndarmenn eru: Bjarney Einarsdóttir, Hjördís Sigurðadóttir, Halldór Sigurðsson og Elías Árnason

14. nóvember 2016 var haldið menningar- og skemmtikvöld í Hlégarði. Á dagskrá var myndasýning frá ferð FAMOS til Bæheims sem Harld Holsvik sá um og Gréta Salome bæjarlistamaður skemmti með leik og söng.

12. desember var var á dagskrá jólahugvekja séra Arndísar Linn og Vorboðarnir sungu undir stjórn Hrannar Helgadóttur

9. janúar skemmti Jón Magnús Jónsson með söng, undirleikari var Jónas Þórir. Þess má geta að þeir hlupu í skarðið með mjög stuttum fyrirvara vegna veikindaforfalla. Pétur Bjarnason flutti erindi um daginn og veginn. Mjög fróðlegt erindi um Básendaveðrið og síðan ýmis gamanmál.

Námskeið Bjarka Bjarnarsonar um þjóðsögurnar hófst 24. janúar. Þátttakendur 21.

Fyrirhuguguð er ferð á „draugaslóðir“ 13. og 14. maí.

20. janúar verður aðalfundur FAMOS að honum loknum sýna ungir dansarar þjóðdansa. Boðið verður upp á þorramat.

13. mars munu þeir feðgar Sigurður Hansson og Arnór Sigurðsson spila og syngja og Halldór Sigurðsson lesa upp.

10. apríl verður Barnakór Lágafellsskóla.

Ákveðið hefur verið að „menning um miðjan dag“ verði í september en ekki í maí.